



Akureyri, 26. ágúst 2021

Norðurþing, stjórnarsýsluhús  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Ketilsbraut 7-9  
640 Húsavík

## Fiskeldið Haukamýri við Húsavík í Norðurþingi

### Ósk um heimild til að hefja vinnu við deiliskipulag

Fyrir hönd Fiskeldis Haukamýrar ehf. óskar undirritaður eftir heimild til að hefja vinnu við gerð deiliskipulags fyrir fiskeldisstöðina að Haukamýri.

Í Haukamýrargili hefur verið fiskeldi allt frá árinu 1980 en Fiskeldið Haukamýri hefur rekið stöðina frá árinu 2006. Uppi eru áform um stækkun stöðvarinnar og vegna þess er óskað eftir heimild til að vinna deiliskipulag fyrir starsemi stöðvarinnar til framtíðar.

Það svæði sem deiliskipulagið nær til er skilgreint sem iðnaðarsvæði I4 í Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 og er lýsing svæðisins og ákvæði eftirfarandi í aðalskipulagi:

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
I4	2,9	<b>Haukamýri II</b> Bleikjueldi í fiskeldisstöð sem m.a. nýtir vatn frá Orkuveitu Húsavíkur.	Gert er ráð fyrir áframhaldandi fiskeldi. Vanda skal umgengni og frágang á svæðinu.

Mögulegt er að breyta þurfi aðalskipulagi vegna vinnu við deiliskipulag og myndi sú breyting felast í því að iðnaðarsvæði I4 myndi stækka til suðurs, en lóð fiskeldisstöðvarinnar myndi stækka inn á það svæði. Iðnaðarsvæði I4 myndi stækka um 0,3 ha, þ.e. úr 2,9 ha í 3,2 ha.

Um er að ræða tilkynningarskylda framkvæmd í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum og verður fyrirspurn um matsskyldu unnin samhliða vinnu við deiliskipulag.

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð deiliskipulags fyrir Fiskeldi Haukamýrar ehf.

F.h. Landslags ehf.

**Ómar Ívarsson**  
Skipulagsfræðingur SFFÍ

**Landslag ehf**  
Kaupangi v/Mýrarveg - 600 Akureyri